

Gera skal skriflegan ráðningarsamning við fastráðna starfsmenn, þar sem m.a. skal kveðið á um ráðningartíma og uppsagnarfrest sbr. 1. mgr. svo og starfssvið þeirra. Um kaup og kjör fer eftir ráðningarsamningi og gildandi kjarasamningum.

64. gr.

Bæjarstjóri ræður lausráðna starfsmenn í samráði við forstöðumenn stofnana og fyrirtækja bæjarins eftir þeim reglum sem bæjarráð setur. Um kaup og kjör fer eftir kjarasamningum viðkomandi stéttarféлага.

65. gr.

Afbrigði frá samþykkt þessari getur bæjarstjórn gert í einstökum tilfellum þegar nauðsyn ber til, ef 2/3 mættra bæjarstjórnarmanna samþykkir það.

66. gr.

Til þess að gera breytingar á samþykkt þessari þarf umræður á tveimur fundum í bæjarstjórn, samþykki meirihluta greiddra atkvæða og staðfestingu félagsmálaráðuneytisins.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Grindavíkur hefur sett, samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 7. gr. og 49. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt nr. 45/1975 um stjórn Grindavíkurkaupstaðar og fundarskóp bæjarstjórnar.

Félagsmálaráðuneytið, 12. júní 1990.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Pórhildur Líndal.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Setbergslandi í Hafnarfirði.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 14. júní 1990 staðfest þá breytingu á deiliskipulagi í Setbergslandi í Hafnarfirði, sem staðfest var 31. janúar 1983, að tengja saman enda Ljósabergs og Glitbergs, þannig að aðkoma að 5 efstu húsunum við Glitberg verði um Ljósaberg.

Breyting þessi hefur hlotið þá meðferð sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir. Bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefur staðfest hana og skipulagsstjórn ríkisins afgreitt hana til staðfestingar félagsmálaráðuneytisins.

Félagsmálaráðuneytið, 14. júní 1990.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.